



Siðareglur starfsfólks Fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar

Í starfi sínu hjá Fjölskyldusviði Fjarðabyggðar ber starfsfólki að:

- Starfsfólki ber að sýna öllum þeim sem þeir veita aðstoð virðingu, kurteisi, heiðarleika og leitast við að byggja upp gagnkvæmt traust.
- Starfsfólki ber að hvetja og virkja einstaklinga sem þeir veita aðstoð, til að móta eigið líf og til sjálfstæðis.
- Starfsfólki ber að veita þjónustu og stuðning af ábyrgð og nærgætni með velferð einstaklingsins að leiðarljósi og virða mannréttindi hans.
- Starfsfólki ber að virða einkalíf einstaklingsins og gæta þagnarskyldu. Sýna skal einstaklingi og vinnuveitanda trúnað einnig eftir að störfum er lokið.
- Starfsfólki ber að mismuna engum t.d. vegna aldurs, fötlunar, kyns, kynþáttar, kynhneigðar, þjóðernis, trúarbragða og leggja ekki hvert annað í einelti.
- Starfsfólki ber að vera öllum sem það veitir aðstoð jákvæð og góð fyrirmynd.
- Starfsfólki ber að sýna aðstandendum kurteisi, virðingu og heiðarleika í viðmóti og umræðu.
- Starfsfólki ber að stuðla að því með starfi sínu að efla virðingu í samfélaginu fyrir öllum sem njóta aðstoðar fjölskyldusviðs.
- Starfsfólki ber að þekkja réttindi einstaklingsins og vinna samkvæmt gildandi lögum þar um.
- Starfsfólk skal sýna heiðarleika og virðingu í samskiptum við íbúa, þjónustugega, samstarfsfólk og aðra sem til þeirra leita. Einnig skulu starfsmenn gæta þess að sýna vinnuveitanda sínum virðingu og heiðarleika.
- Starfsfólk skal tileinka sér vönduð vinnubrögð og stundvísi.
- Starfsfólki er óheimilt að þiggja greiðslur, fríðindi eða gjafir frá þjónustugegum.
- Starfsfólk skal leita sér upplýsinga, menntunar og fræðslu til að ná árangri í starfi og vera tilbúin að miðla þekkingu.

Verði starfsmaður þess áskynja að ekki sé farið að siðareglum þessum og verið sé að brjóta á rétti einstaklingsins skal hann tilkynna það næsta yfirmanni.

Reglur þessar taka gildi við staðfestingu bæjarstjórnar 22. október 2025 og falla þá úr gildi reglur sama eðlis.

Fjarðabyggð 23. október 2025

Jóna Arný Þórðardóttir
bæjarstjóri